

Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir.

Það er fallett veður á Laugarvatni í dag, en ekki ætla ég að halda því fram, að almennt séð leiki við landann þessa maí daga.

Þar fyrir utan á að sögn að vera heimsendir í dag, sem bætist ofan á stóryrðaflóð um kvótafumvarp og upplýsingarnar um, að allur hasarinn í kringum Icesave hafi kannski bara verið stormur í vatnsglasi eftir allt saman.

Ég ætla hinsvegar að fullyrða að í dag sé dagur til að fagna. Það er uppskerudagur í Menntaskólanum að Laugarvatni. Það viðraði vel á ræktunartímanum og uppskeran er vel yfir meðallagi. Skólinn var settur 25. ágúst, en þá höfðu nýnemar verið á staðnum í tæpa 2 daga, að vanda.

Haustannarprófum lauk 17. desember, vorönn hófst síðan 4. janúar og reglulegum vorannarprófum lauk 13. maí. Síðan hafa nokkrir nemendur tekið sjúkra- og endurtektarpróf.

Undanfarin ár hefur nemendum farið fjölgandi, jafnt og þétt og umsóknir um skólavist í vetur voru talsvert fleiri en hægt var að sinna. S.l. haust hóf 171 nemandi nám í skólanum: 78 piltar og 93 stúlkur - 53 í 1. bekk, 44 í 2., 39 í 3. og 35 í 4ða bekk.

Undir vorannar- og stúdentspróf gengust 165 nemendur. Þar sem endurtektarprófum er ekki að fullu lokið liggur ekki fyrir á þessari stundu hver margir standast kröfur um flutning milli bekkja. Í dag eru brautskráðir 35 stúdentar frá skólanum, af 3 námsbrautum: félagsfræða- mála- og náttúrufræðabraut.

Starfsmenn skólans á þessum vetri voru 36, 19 stjórnendur og kennarar og 17 sem sinntu öðrum störfum.

Ég mun nú tæpa á nokkrum þáttum úr skólalífínu:

Árleg fjallganga var í síðari hluta október og að þessu sinni lá leið á Miðdalsfjall.

ML- dagurinn, þar sem grunnskólanemar af Suðurlandi heimsækja okkur til að kynna skólanum, var um miðjan nóvember. Deginum lauk með söngkeppni skólans, Blítt og létt, þar sem **Helgi Jónsson og félagar** báru sigur úr býtum. Þeir kepptu síðan fyrir hönd skólans í söngkeppni framhaldsskólanna.

Nemendur tóku þátt í fleiri landskeppnum framhaldsskóla. Þar stendur upp úr afar góður árangur **Jóns Hjalta Eiríkssonar frá Gýgjarhólskoti í Biskupstungum** í eðlisfræðikeppni, og systur hans **Þjóðbjargar** í stærðfræðikeppni.

Í lok janúar var kosið til nýrrar stjórnar Mímis. Nýr stallari er **Alda Magnúsdóttir úr Reykjavík**.

Í fyrri hluta mars var tekinn tími í að gera sér dagamun, að vanda. Þar sló dömunaþskeyið Helgu Brögu í gegn, að sögn.

Síðasta dag Dagamunar var Dollinn á dagskrá.

Frá upphafi hefur hann falist í því að keppnishópar hlaupa milli þrauta um allan staðinn, en þessu sinni var gerð tilraun með **Hinn skapandi Dolla**. Nemendum var skipt í hópa sem fyrr, en nú var keppt í skapandi greinum af ýmsu tagi og hlaupin að mestu lögð til hliðar, sem kom ákveðnum hluta nemenda vel - en það heyrðist af nokkrum sem kváðust ekki kvíða neinu í skóladvölinni eins og Dollahlaupum.

Þarna var nú keppt í greinum eins og leiklist, tónlist, myndlist, sagnalist og sjálfsbjargarviðleitni. Keppninni lauk í svokallaðri hreystibraut í íþróttahúsinu. Fjölhæfir kennararnir dæmdu um frammistöðuna af þekkingu og festu. Það var gerður góður rómur að þessari breytingu. Í framhaldinu var síðan glæsileg árshátíðin, með stórveislu nemenda og starfsfólks ásamt dansiballi.

Í tengslum við árs hátíðina var leikritið „SKO“ frumsýnt í Aratungu. Það var samið af og í leikstjórn Árnýjar Fjólu Ásmundsdóttur og Brúsa Ólasonar. Alls var leikverkið sýnt 8 sinnum vítt um Suðurland og á höfuðborgarsvæðinu.

Dimissio var fagnað við lok kennslu þann 29. apríl. Þar var allt með svipuðu sniði og verið hefur og bar lítið útaf. Önnur dagsins lauk með ánægjulegri kvöldstund dimittenda og starfsfólks á Hótel Geysi.

Í könnun sem sjálfsmatsnefnd gerði meðal starfsmanna skólans um starfsaðstöðu og líðan í starfi, í vetur kemur skýrt fram, að starfsandi innan stofnunarinnar fær bestu einkunn hjá lang flestum. Þessi niðurstaða kom ekkert á óvart. Við skólann starfar margt úrvalsfolk, sem sinnir ekki bara starfi sínu af fagmennsku, heldur stuðlar einnig að frjálsglum og óþvinguðum samskiptum.

Þessi samhenti hópur ætlar að skella sér í náms- og kynnisferð til vinabæjar í Bæjaralandi, Sulzbach-Rosenberg, í næstu viku. Það er ekki laust við að margir séu þegar komnir þangað í huganum; farnir að leita uppi skokkbrautir og sögustaði, auk annars sem er ónefnt.

Ætli ég láti ekki gott heita í þessari samantekt þó margt sé ótalið.

Ég vil þakka öllum samstarfsmönnum og nemendum fyrir ágætt samstarf á liðnum vetri.

Ágætu verðandi nýstúdentar

Ég held að það fari ekki á milli mála, að í ykkar hópi má finna fulltrúa fyrir fjölmörg viðhorf til náms, lífs eða starfs. Eitt munuð þið þó alltaf eiga sameiginlegt: dvölinn í ML. Mér hefur sýnst að hún hafi átt bara nokkuð vel við flest ykkar.

Nú eruð þið stödd á einum þeirra punkta í lífinu þar sem spurt er um leið að næsta punkti. Táknmynd þessa punkts er hvíti kollurinn sem þið setjið upp nú á eftir. Hann þarf, í sjálfu sér ekki að merkja neitt, það er undirbyggingin sem gefur til kynna þá möguleika sem eru í stöðunni.

Það skal ég segja ykkur, að það getur reynt á þegar tími matseldar, þvotta og barnauppeldis rennur upp, ofan á annað amstur hversdagsins.

Þið getið hinsvegar treyst því, að hvernig sem allt veltist munuð þið aldrei missa sjónar hvert á öðru. Þessum hópi munuð þið tilheyra um aldur og ævi.

Ég þakka ykkur fyrir samveruna og samstarfið í gegnum súrt og sætt og óska ykkur alls hins besta.